

Dalalæðan

1. tbl. 36. árg. 3. febrúar 2023

SIGURVEGARINN Á HORNINU

Viðtal við Benedikt Ólafsson



AÐALFUNDUR VÍGHÓLS

Verður haldinn í íþróttahúsinu í Reykjadal
fimmtudaginn 9. mars klukkan 20:00

Dagskrá:

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara.
2. Skýrsla stjórnar lögð fram.
3. Reikningar lagðir fram til samþykktar.
4. Lagabreytingar.
5. Ákvörðun félagsgjalds.
6. Kosning stjórnar.
7. Önnur mál

Stjórn Víghóls

LEIÐARI

Allt er breytingum háð

Nú þegar daginn tekur að lengja og þorrinn er genginn í garð birtist í þritugasta og sjötta skiptið þetta litla rit í póstkassa Dalbúa. Í ár er Dalalæðan með örlítið breyttu sniði en Duna og Dóri í Melkoti hafa ákveðið að stíga til hliðar og hleypa öðrum í ritstjórnarstólinn. Af því tilefni viljum við þakka þeim fyrir framúrskarandi Dalalæður undanfarin ár. Verkefnið er skemmtilegt og af mörgu er að taka enda alltaf eitthvað að fréttu og gerast í Dalnum okkar. Væntanlega verða einhverjar áherslubreytingar en það er okkar von að íbúar Mosfellsdals og aðrir lesendur Dalalæðunnar ljúki sáttir við lesturinn og fari kampakátir inn í vorið.

Halla Fróðadóttir, Dalsgarði
Sigríður Rún, Minna-Mosfelli



Ritstjórar Dalalæðunnar senda Halldóri Þorgeirssyni og Guðnýju Halldórsdóttur bestu þakkir fyrir hárbeitta ritstjórn síðustu 5 árin, - veni, vidi, vici.



Heimalningarnir

Dalalæðan

1. tbl. 36. árg. 3. febrúar 2023

Útgefandi: Íbúasamtökin Víghóll Mosfellsdal
Ritstjórar og ábyrgðarmenn:

Halla Fróðadóttir og Sigríður Rún Kristinsdóttir

Auglýsingar: Jóhannes Þór Hilmarsson

Forsíðumynd: Kolbrún Grétarsdóttir

Umbrot: Sigríður Rún Kristinsdóttir

Prentun: PIXEL Prentþjónusta

Prófarkalestur: Helena Jónsdóttir

Dalalæðan er prentuð í 300 eintökum.

Blaðið er borið út á hvert heimili í Mosfellsdal og einnig sent til brottfluttra dalbúa.

FRUMKVÖÐULL Í DALNUM



Hafberg Þórisson og Guðni Th. Jóhannesson

Hafberg Þórisson, forstjóri og stofnandi Lambhaga, var sæmdur riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu fyrir frumkvöðlastarf í ræktun og vistvænni grænmetisframleiðslu þann 1. janúar 2023.

Aðrir íbúar Mosfellsdals sem sæmdir hafa verið riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu eru:

Halldór Kiljan Laxness nóbelsverðlaunaskáld, hlaut stórkrossinn fyrir ritstörf árið 1957.

Auður Laxness hlaut riddarakrossinn fyrir störf að menningarmálum árið 1990 og árið 2002 hlaut hún stórriddarakrossinn fyrir framlag til íslenskrar menningar.

Sigrún Hjálmtýsdóttir óperusöngkona, hlaut riddarakrossinn fyrir sönglist árið 1995.

Guðrún Tómasdóttir söngkona, hlaut riddarakrossinn fyrir tónlist árið 1996.

Guðný Halldórsdóttir leikstjóri, hlaut riddarakrossinn fyrir kvikmyndagerð árið 2000.

ÞORRABLÓT DALBÚA verður haldið 17. febrúar í Harðarbóli
Nánari upplýsingar á facebooksíðunni *íbúar í Mosfellsdal*

Á SÖGUSLÓÐUM Í SVEITINNI

Ég hef oft velt því fyrir mér hvað það er við Mosfellsdalinn sem er svona heillandi! Ekki er það veðrið þannig að líklega er það eitthvað annað. Á þeim tæpum tveimur árum sem við fjölskyldan höfum búið hér höfum við kynnst frábæru fólki og bíðum spennt eftir þorablótinu þar sem við munum án efa kynnst menningunni í Dalnum í þaula.

En ég hef einnig unnið hér við fornleifarannsóknir og má segja að þær hafi átt hug minn allan lengi vel. Það er einhver óútsýranlegur sjarmi yfir sveitinni, líkt og með Skáldið, og hér drýpur sagan af hverju stráí og sér maður fyrir sér liðna atburði við hverja þúfu. Ég veit að í Dalalæðuna hefur ýmislegt verið skrifað um söguna og þá Egilssögu Skallagrímssonar hvað mest enda með betri bókum sem skrifaðar hafa verið. Hvað er það við þessar sögur sem er svona heillandi? Og af hverju eru fræðimenn oft ragir við að fjalla um þær á þann hátt að í þeim sé að finna sannleikskorn?

Eins og flestir eflaust þekkja var víðamikill uppgröfur að Hrisbrú lengi vel þar sem í ljós komu vegleg mannvirki og mannvistarleifar frá 10. og 11. öld; m.a. skáli og kirkja þar sem hversdagslegir og einstakir gripir fundust bæði utan mannvirkja og í gólfögum þeirra. Þessar mannvistarleifar eru merkilegar fyrir margar

sakir, m.a. að þarna virðist hafa verið veglegt og ríkmannlegt býli frá landnámsöld og eins bendir margt til þess að upphaflega hafi ábúendur verið heiðnir en síðar er reist þarna kirkja að kristnum sið ásamt kirkjugarði. Þau mannabein sem þarna fundust endurspeгла að mörgu leyti það sem margir telja að hafi átt sér stað fyrstu 150 ár landnáms á Íslandi og það sem tekur við eftir trúskiptin um árið 1000.

Átök og erjur, hörð lífsbarátta við náttúruna, sjúkdómar og að koma afkomendum sínum á legg. Lífsbaráttan var erfið á þessum tíma og ekki varð hún auðveldari er á leið. Uppgröfturinn á Hrisbrú og þau gögn sem úr honum voru fengin eru enn til rannsóknar. Það er nefnilega þannig að flestar fornleifarannsóknir á Íslandi eru dýrar og sérgreiningar eins og forn DNA greiningar, aldursgreiningar, frjókorna- og skordýragreiningar svo fátt eitt sé nefnt eru dýrar og tímafrekar. Má því segja að ekki séu öll kurl komin til grafar er varða þessa rannsókn og enn mikill efniviður órannsakaður. Rannsóknaraðferðir og tækni eru í sífelldri þróun og eflaust verður einhverjum spurningum svarað í framtíðinni sem ekki er hægt að svara í dag um þetta stórmerkilega bæjarstaði. Nóg um Hrisbrú!

Gandur ehf.

Öll almenn járnsmíði
og vélaviðgerðir

Sími 696 8523

Hrossaræktunarbúið

ÓLAFSHAGI

...á horninu



Minjar

Ljós. Jessy Byock og Davide Marco Zorie

Sumarið 2018 var ég við björgunaruppgröft að Mosfelli. Til þess að gera langa sögu stutta þá komu í ljós mannvistarleifar við framkvæmdir á bílastæðinu austan við kirkjuna. Þessar mannvistarleifar voru frá ýmsum tímum og eins og eflaust margir muna var íveruhúsið að Mosfelli (grunnurinn) frá miðri síðust öld undir malbikinu, en einnig eldri mannvistarleifar. Ákveðið var að kanna svæðið eins og það var en ekki fara í frekari rannsóknir og bílastæðið lagt utar. En það svæði sem við náðum að kanna var mjög áhugavert. Það sem við sáum í sniði húsgrunnins sem reistur var um miðja síðustu öld voru uppsöfnuð gólfög og landnámsgjóska frá 871 (u.þ.b.) greinilega bæði hreyfð og óhreyfð í og við þessi gólfög en einnig í torfinu í kring sem sýnilegt var. Miðað við þykkt þessara gólfлага hefur mjög líklega verið þarna veglegur mannbústaður frá 9./10.öld ef ekki lengur. Því miður var ekki hægt að kanna þetta betur og svæðinu því lokað. Svona er þetta oft, við fornleifafræðingarnir mætum á

svæðið þegar framkvæma þarf björgunar-rannsóknir, skráum það sem við blasir og síðan ekki meir. Maður þarf víst að hugga sig við það að fornleifafræðingar framtíðarinnar fái vonandi heiðurinn af að skoða þetta þegar þar að kemur og við þá flest komin undir græna torfu. En það er eitt sem ég mun ekki geta beðið með og það er það sem ég veit að liggur um 3 m undir malbiki austan við Mosfellskirku. Ef ég má gerast svo ófagleg af fornleifafræðingi að vera, þá dreymir mig ítrekað að Egill kalli á mig í draumi og segi mér að drullast til að taka upp múrskaiðina og finna nokkra silfurpeninga og perlur sem eftir mér bíða svo ekki sé minnst á hans hinsta legstað.

Vala Garðarsdóttir
Nýr Dalbúi og fornleifafræðingur

100 ÁRA



Guðbjörg Sigurjónsdóttir „Bubba“ hefði orðið 100 ára á árinu. Hún var gift Sigurði Narfa Jakobssyni og bjuggu þau allan sinn búskap í Reykjadal.

Bubba var amman í Dalnum, snýtti nebbum, bauð uppá kleinur, heimaprjónaðar hosur og skemmtilegast var að fá að sulla í sundlauginni.

HEYRST HEFUR...

- ✓ að Næsti bær sé ekki lengur næstur neinu og heitir því núna Skák.
- ✓ að Sunna sé flutt aftur í Selholt.
- ✓ að svo lítið hafi gerst á síðasta ári að það var ekki hægt að skrifa annál. Nýja árið fer hinsvegar svo glimrandi af stað að af nógu verður að taka að ári.

STÓRAFMÆLI 2023

Eftirtaldir Dalbúar fagna stórafmæli á árinu

85 ára

Einar Jón Guðjónsson, Helgadal 8. febrúar
Erna Tryggvadóttir, Árvangi. 20. júní

80 ára

Helga Kristjánsdóttir, Reykjadal 27. janúar
Sigurgeir Steingrímsson, Mosfelli 2. október

75 ára

Reynir Holm, Víði 28. mars
Gerður Jóhannsdóttir, Dalsgarði 30. mars
Einar Jakobsson, Norður-Reykjum 8. júní
Ólöf Friðriksdóttir, Minna-Mosfelli 2. 12. júní
Örn Kjærnested, Laugabakka 10. nóvember

70 ára

Sigríður Rafnsdóttir, Hraðastöðum 4 15. mars
Sigríður Jóhannsdóttir, Dalsgarði 19. maí

60 ára

Hulda Jónasdóttir, Víðigrund 1. janúar
Garðar Hreinsson, Víðigrund 18. júní
Guðmundur Þ. Gunnarsson, Skák 13. desember

50 ára

Ragna Rósa Rúnarsdóttir, Norður-Reykjum 5. febrúar
Halla Fróðadóttir, Dalsgarði 9. febrúar
Auður Jónsdóttir, Jónstótt 30. mars
Hákon Pétursson, Dalsgarði 8. apríl
Elínborg Jóna Ólafsdóttir, Hrísbú 30. maí
Guðmundur Sigurðsson, Sigtúni 29. ágúst
Óskar Sigurðsson, Sigtúni 29. ágúst
Berglind Bjarnadóttir, Hraðastöðum 9. september
Guðný Ragna Jónsdóttir, Víðihlíð 30. september
Herdís Þórðardóttir, Hraðastöðum 20. desember

40 ára

Oddur Roth, Varmalandi 23. júní

Dalalæðan óskar þessu góða fólki gæfu og hamingju

NÍRÆÐUR OG NÝFLUTTUR

Einn ábúenda á Bókfelli flutti þangað fyrir um einu og hálfu ári og sýnir á sér engan bilbug þrátt fyrir að vera kominn á hin virðulegu efri ár.

Hjörtur Þórarinnsson fæddist 10. febrúar árið 1927 á Miðhúsum í Reykhólasveit. Hann er því 96 ára á þessu ári og ber aldurinn vel. Hann hefur ort texta við fjölda laga fyrir hina ýmsu kóra, samið afmælisvísur, ort ljóð, skrifað greinar um þjóðfræði í „Heima er bezt“ og tók saman fræðsluritið Afrek öræfanna um æviferil Fjalla-Eyvindar og Höllu. Þar má finna eftir Hjört ljóð um þau hjón og er ljóðið um Höllu birt hér fyrir neðan. Hann hefur einnig verið framsögumaður og aðili að mörgum hagarðingamótum.

Hjörtur virðist ungur í anda og sýnir það í bæði háttum og tali og sem dæmi um það tók hann ferðaleiðsögupróf 75 ára gamall og hætti að syngja í kór einungis vegna þess að hann flutti hingað í Mosfellsdalinn árið 2021.



Hjörtur semur í ár fyrrpartinn að vísu sem þorablótsgestir munu fá að spreyta sig á að botna og því er vert að vanda sig!

Þegar hann er inntur eftir því hvernig honum takist að tóra svona miklu lengur en margir aðrir kveður hann kíminn:

Hóglífið hæsta ég nefni
ég hvíli mig eins og ég get.
Úrvinda af of miklum svefni
og yfir mig stundum ég ét.

Halla Jónsdóttir

Ég lýsi hér nánar hans lífsförunauti, hún var lágvaxin dimmleit með orku í höndum. Valdsherrar komu ei við hana tauti, en voru þó með hana þrisvar í böndum.

Skoleygð og brúnaþung birtist hún mönnum, brúkaði ei tóbak og las ekki bækur, en hikaði eigi á hjarni og fönnum, harkan á lífshlaupi var henni kækur.

Dökkhærð og óvílsöm dugnaðar kvinna með dæmafátt hugrekki af öllum var talið. Tryggjari konu var tæpast að finna og traustari förunaut gat hann ei valið.



Dalsgarður

– við gerum rósir

Blómasala alla daga
kl. 9.00-12.00
Dalsgarði Mosfellsdal

Gísli Jóhannsson rósabóndi / rosefarmer

Dalsgarður, 270 Mosfellsbæ, Ísland

Sími/tel: +354 566 7490

Fax: +354 566 7610

Netfang/e-mail: dalsgardur@simnet.is

LJÓÐ EFTIR HJÖRT ÞÓRARINSSON

Dalakyrrð

Samið 1990, sungið við lag C. M. Bellman
„Nu er jord og himmel stille“

Þegar dvínar kveldsins kliður,
þegar kyrrðin fellur á
og hinn létti lækjarniður
heyrst ljúfur skammt þar frá.
Þá er nánd við náttúruna
þá er nóttlaus veröldin
innri söngva megum muna
og hin mildu síðkvöldin.

Yfir grund og gróna dali
yfir græna mosató
inn um fagra fjallasali
hvíllir friður tign og ró.
Aðeins finnst þar blærinn blíði
aðeins bærast lítið strá.
Vorsins bjarti faðmur friði
öllum fögnuð veitir þá.

Alla daga liðna langa
allt hið ljúfa' í fari manns
allra ferð og frjálsa ganga
verði fram til kærleikans.
Það er okkar innri köllun
það er okkar vorsins ljóð
veita ljósi og lífi öllum
Guði lífsins þakkaróð.

Silungurinn

Samið 1959, sungið við lag
Franz Schuberts „Die Forelle“

Ég leit í lækinn hreina
og litla bleikju sá.
Hún straukst þar milli steina
og starði til og frá.

Hún var svo létt og lipur
og lék í vatnsins gljá.
En örsmátt augna vipur
ég eygði á hennar brá.

Hinn veiðiglaði gestur
þar gekk og kátur söng.
Sá fyrirmaður mestur
nú mundar sína stöng.

Því borgarlífsins leiða
hann lætur hverfa um sinn,
"og vaskur fer að veiða
sér vænsta silunginn".

Sá harmur nístir hjarta
og huga minn
héðan af færður hvergi að skarta
þú hýri vinurinn.

Þín minning blíða og bjarta
mun bæta að nokkru söknuðinn.

Hún var svo létt og lipur
og lék í vatnsins gljá.
En örsmátt augna vipur
ég eygði á hennar brá.

HEYST HEFUR...

- ✓ að á Vindhóli sé bleikt þema allsráðandi og mega heyrúllurnar sem prýða túnin ekki stinga í stúf. Því útvega ábúendur bleikt plast svo allt sé í stíl!
- ✓ að skarðið í Oddsbrekkunum sé enn eins og afglaparnir skildu við það þrátt fyrir loforð um að laga það. Hver á þá að laga það? Á ég að gera það?

Í GAMLA DAGA



Einar Scheving og Erna Árvangi.



Þyri Röðli, Hlíf Æsustöðum og Fróði Dalsgarði.



Steinar Gíslason Brekkukoti, Bjarki Bjarnason Hvirfli, Arndís Jóhannsdóttir Dalsgarði og Kiddi.



Rúnar Jakobsson Nordur-Reykjum, Kjartan Guðvarðarson Grund, Sigurður Andrésson Laugabóli og Helga Rós Nordur-Reykjum.



Tjúttað í Hlégarði

Í GAMLA DAGA



Borralót í Hlégarði

ÁRAMÓTASKAUPIÐ 2022

Skaupinu var vel tekið af landsmönnum og bar lokalagið af, að minnsta kosti af lokalögum síðustu ára.

Gallup hringdi greinilega í alla í Mosfellsdal þar sem það hefur verið draumur allra Dalbúa í mörg ár að sjá Diddú spila á rafgítar og enginn varð fyrir vonbrigðum.

Það er greinilegt að Dalbúum er flest til lista lagt og við getum sett það sem markmið að í næsta Skaupi spili Diddú á luftgítar á meðan hún syngur aríu, standandi á öðrum fæti.



Skjáskot af Youtube

GLJÚFRASTEINN



Stofan á Gljúfrasteini

Á Gljúfrasteini eru fyrirhugaðir ýmsir viðburðir í vor. Safnanótt verður á öllu höfuðborgarsvæðinu í byrjun febrúar. Þann 3. febrúar verður opið hús að Gljúfrasteini til kl. 22 þar sem boðið verður upp á tónlist, leiðsögn og frítt verður inn. Eins og undanfarin ár mun forseti Íslands afhenda hin íslensku þýðendaverðlaun í samstarfi við Bandalag þýðenda og túlka. Viðburðurinn fer fram 20. febrúar.

Í byrjun mars verður opið aftur um helgar og geta Dalbúar átt von á skemmtilegum viðburðum s.s. fyrirlestrum og sérstökum leiðsögnum. Dagskráin verður kynnt nánar í lok febrúar. Í móttökunni stendur yfir sýning tileinkuð Sölku Völku þar sem gefur að líta bókakápur. Undirbúningur fyrir stofutónleika sumarsins er

að hefjast en sem fyrr verða tónleikar alla sunnudaga í sumar frá því í byrjun júní fram í ágústlok.

Í vor má búast við heimsóknum skólahópa bæði úr grunn- og framhaldsskólum.

Við hlökkum til að sjá sem flesta Dalbúa og þeirra gesti.

- Guðný Dóra Gestsdóttir



DALURINN Í FRAMBOÐI

Á vordögum mátti heyra kunnuglega tóna frá höfuðstaðnum Mosfellsbæ. Þá klingdu í eyrum Dalbúa vinsælu sumar-smellirnir síðan í gamla daga „Þetta þarfnast úrbóta“, „Það mætti bæta samgöngur“ og hið sívinsæla dægurlag „Búið þið ekki í sveit?“

Reyndar voru frambjóðendur frá Mosfellsdal fjölmargir í ár eða fjórir í heildina en því miður hlaut enginn þeirra sæti í bæjarstjórn í þetta sinn. Bættist því angurværa ballaðan „Brostnar vonir“ í lagalistann á Spotify.

Stjórn Víghóls þakkar frambjóðendum fyrir hittinginn fyrir kosningar og sýndan áhuga á málefnum Dalbúa. Það var fámennnt en góðmennt.



Stjórn Víghóls og vaskir frambjóðendur

BRAKANDI FERSKT SALAT



Í fararbroddi í salatframleiðslu!



Lambhagi hefur um árabil verið í fararbroddi í salatframleiðslu á Íslandi. Fyrirtækið hefur verið framsækið í því að tileinka sér bestu mögulega tækni til þess að rækta hágaða vöru við bestu aðstæður. Engin eitrefni eru notuð við framleiðslu Lambhagasalats. Framleiðslan fer fram á yfir 5.000 fermetrum allan ársins hring við skilyrði sem tryggja hámarksgæð.

ÆSKUMYND FRÁ MOSFELLI

Þessar ljósmyndir eru teknar með 64 ára millibili, sú eldri er frá árinu árinu 1958. Þar má sjá gamla íbúðarhúsið á Mosfelli sem stóð sunnan við Köldukvísl, um 100 m frá Þjóðveginum. Foreldrar mínir, Aðalbjörg Guðmundsdóttir og Bjarni Sigurðsson, fluttu þangað árið 1954 ásamt börnunum sínum þremur þegar faðir minn gerðist prestur í héraðinu. Ef rýnt er í myndina sjást þrjár mannverur sitja undir garðveggnum. Þetta erum við systkinin Hilmir, Þórunn og Bjarki.

Til vinstri á myndinni er heyhlaða og sjá má svert málmrör sem lá frá heyblásaranum upp í hlöðuna. Þegar hækkaði í hlöðunni vorum við systkinin uppi á stabbannum, tókum á móti heynu og dreifðum úr því svo blásarinn stíflaðist ekki. Niðri á jörðinni stóð Bergur vinnumaður og mokaði heynu óspart í blásarann. Bergur hét fullu nafni Sigurbergur Bjarnfredsson og kom úr 20 systkina hópi austan úr Meðallandi. Hann var mikill fjölskylduvinur okkar, fór á vertíð í Vestmannaeyjum en var ævinlega sumarmaður á Mosfelli og dvaldi oft hjá okkur á jólnunum.

Lengst til vinstri á myndinni er súrheysturn sem byggður var eftir óþurrka-sumarið mikla árið 1955. Þá var ráðist í að reisa votheysturn í skyndi til að bjarga heyfengnum. Lengst til hægri sést lítillaga í húsið þar sem Kristinn Guðmundsson og Halldóra Jóhannsdóttir bjuggu og voru einkum með kindur og hænsni. Þar ólst Magnús Benediktsson upp en hann og Guðmundur bróðir minni voru óaðskiljanlegir vinir.

Úti á Þjóðvegi var brúsapallur eins og við flesta afleggjarana í Dalnum á þeim árum því kýr voru nánast á hverum bæ. Bændur fluttu mjólkurbrúsa sína á dráttarvélum og bílum út á Þjóðveg og ég man eftir því að Hjalti Þórðarson á Æsustöðum flutti stundum mjólkurbrúsana á hestvagni út á brúsapall. Halldóra á Mosfelli talaði ævinlega um að „fara út á stöð“ þegar það þurfti að sækja dagblöðin út á Þjóðveg. Ég sótti oft blöðin en Kristinn hafði á orði að allir póstmenn ættu að hafa lúður til að blása í þegar þeir nálgudust bæina. Gekk það svo langt að Kristinn keypti handa mér pappalúður, ég var hálfheiminn að sýna gripinn „úti á stöð“ og faldi hann milli þúfna en blés svo í lúðurinn þegar ég nálgadist húsið með Moggann undir hendinni.

Á sumrin lifnaði yfir dalnum, þá komu snúningapiltar á sveitabæina svo hægt var að fara í íþróttir og leiki á kvöldin. Eggert Gunnarsson, síðar dýralæknir, var vikapiltur hjá Halldóru og Kristni. Ég, Eggert og Hilmir bróðir minn vorum endalaust í íþróttum, aðallega í fótbolta og bjuggum einnig til stökkgrýfju á árbakkanum fyrir langstökk og þristökk. Stundum var Gunn

PÓSTLISTI VÍGHÓLS

Stjórn Víghóls er með póstlista sem hægt er að nýta fyrir tilkynningar.

Hvetjum Dalbúa til að hjálpa okkur að halda heimasíðunni virkri með fróðleik og skemmtiefni.

Dalbúar eru hvattir til að senda netföng sín á

vigholl@mosfellsdalur.is

Heimasíða:

www.mosfellsdalur.is



Mosfell 1958



Sami staður 2023

bróðir Eggerts með okkur en hann var í sveit hjá Hlíf og Hjalta á Æsustöðum.

Ein var sú íþróttagrein sem okkur þótti mjög spennandi en það var sleggjukast. Kristinn á Mosfelli átti stóra sleggju en hún var allt of þung fyrir okkur strákana, þá datt okkur í hug að nota klaufhamar til að æfa okkur í sleggjukasti. Við útveguðum okkur hamar, hann reyndist léttur í hendi og einhver okkar kastaði honum svo langt út í móa að það verkfæri hefur ekki sést síðan.

Það er gömul hefð að sitjandi prestur á Mosfelli hafi veiðiréttindi í Leirvogsvatni, ásamt ábúendum í Stardal. Okkur krök-kunum þótti ævintýralegt að veiða þar, mest var það urriði en einstaka sinnum bleikja. Þau voru mörg sumarkvöldin sem við eyddum við Leirvogsvatn, stundum fórum við þangað í tjaldútilegu. Þá bjuggu Gísli Magnússon og Sigríður Bjarnadóttir í litlu húsi við vatnið. Gísli stundaði silungsveiðar í vatninu af miklu kappi og var sérlega fiskinn.

Þótt íbúðarhúsið á Mosfelli væri reisu-legt reyndist það ekki vel, steypa í því var léleg og skömmu eftir að myndin var tekin var ákveðið að jafna því við jörðu. Nýtt stórt hús var byggt upp á hólnum þar sem prestssetur og kirkja höfðu staðið áður fyrr. Einnig var smíðuð brú yfir ána sem enn er notuð. Fjölskyldan flutti í

nýja húsið rétt fyrir jól árið 1960 og fyrsti gripurinn sem borinn var inn húsið var gömul steinkola sem fannst þegar grafið var fyrir húsinu. Fimm árum síðar var Mosfellskirkja hin nýja vígð eins og greint er frá í Innansveitarkroniku.

Á ljósmyndina af gamla Mosfells-húsinu vantar eina byggingu. Það er fjósið sem er í hvarfi á myndinni en var áfast hlöðunni og þétt við hliðina á súrheysgryfjunni. Duttlungar örlaganna hafa valdið því að allar byggingarnar af þessari húsatorfu eru horfnar nema fjósið sem er núna notað sem áhaldahús fyrir kirkjugarða bæjarins. Þar hefur einnig risið fjarskiptamstur eins og sést á ljósmyndinni sem ég tók fyrir nokkrum dögum.

Foreldrar mínir voru með 14 mjólkandi kýr í fjósi, á sumrin mjólkunum ég og Hilmir bróðir mín þær á kvöldin með tveimur mjaltavélum. Þá var Bergur vinnumaður önnum kafinn í heyskapnum en kom stundum til að líta eftir okkur bræðrum við mjaltirnar. Bergur reykti þessi reiðinnar býsn, aðallega wings sígaréttur, hann kastaði þeim hálfreyktum frá sér þar sem hann stóð. Við Hilmir vorum fljótir að grípa stubbana, stukkum bakvið fjós og svældum vængjaða vindlinga þar til okkur varð flökurt – síðan héldum við áfram með kvöldmjaltirnar.

Bjarki Bjarnason.

SIGURVEGARINN Á HORNINU



Bensi og Bikar frá Ólafshaga Ljósm. Kolla Gr.

Okkar frábæri hestamaður og knapi Benedikt Ólafsson, eða Bensi eins og hann er kallaður, var valinn efnilegasti knapi ársins 2022 hjá Landssambandi hestamanna. Bensi, sem verður tvítugur á árinu, er sonur Þóru Bjarnadóttur og Ólafs Haraldssonar en fjölskyldan flutti í Mosfellsdalinn árið 2003.

Bensi getur státað af stórkostlegum árangri á síðasta ári í hestamenskunni. Hann sigraði B-flokk ungmenna á Landsmóti hestamanna á Biskupi frá Ólafshaga en þeir félagar stóðu einnig uppi sem Landsmótssigurvegarar í unglingsflokki fyrir fjórum árum. Bensi varð Íslandsmeistari í gæðingaskeiði á Leiru-Björk frá Naustum III og sigraði slaktaumatölt T2

ungmenna á Reykjavíkurmestaramótinu á Bikar frá Ólafshaga. Einnig lenti hann í 2. sæti í tölti T1 á Íslandsmótinu. Sannarlega flottur árangur það!

Ólafshagi Hrossarækt er sameiginlegt verkefni fjölskyldunnar, en hvaðan kemur nafnið Ólafshagi? „Pabbi og mamma bjuggu hlið við hlið á Kvisthaganum þegar þau voru 4ra ára en fengu svo ekki leyfi fyrir Kvisthaga nafninu svo Ólafshagi varð fyrir valinu.“

Okkur lék forvitni á að vita aðeins meira um þennan þrúða og efnilega knapa og fékk Bensi því að svara nokkrum lauffléttum spurningum.

Hvernig byrjaðir þú þína hestamennsku?

Ég hef verið að ríða út síðan að ég man eftir mér en byrjaði að keppa fyrir alvöru árið 2017.

Draumahesturinn?

Ég er svo heppinn að vera með draumahestinn í hesthúsinu. Hann heitir Biskup frá Ólafshaga.

Hvað skilgreinir skemmtilegan og góðan hest?

Gæðslagið, þeir komast yfirleitt upp með meira hjá mér ef þeir eru skemmtilegir karkterar. Síðan skemmir það ekki fyrir ef þeir eru rúmir.

Fyrirmyndin í hestamenskunni/lífínu?

Þær eru margar í hestamenskunni en ætli pabbi sé ekki fyrirmyndin mín í lífinu. Hann er ágætur.

Hvað er framundan?

Keppnistímabilið er að hefjast í byrjun febrúar og þá verður lítill tími í annað. Ég verð að þjálfra fullt af góðum hrossum og reyna að njóta þess.

Stefnir þú á Heimsleikana í Hollandi?

Já, stefnan er tekin á Heimsleikana með



Leira-Björk á flugskeiði

Ljósm. Þórhildur Harpa

hana Leiru-Björk frá Naustum III. Það væri þvítíkur heiður að fá að taka þátt í því verkefni. Það er skyldumæting hjá öllum Dalbúum ef ég kemst!

Gerirðu eitthvað annað en að vera í hestamennsku?

Ég er að klára samninginn í húsasmíði og vinn í fullu starfi sem smíður og er einnig að klára stúdentinn núna í vor. Ég er með mikla veiðidellu, bæði stang- og skotveiði. Við pabbi nýtum allan þann aukatíma sem við höfum í einhverskonar veiði.

Ef þú værir ekki í hestamennsku, hvað værir þú að gera þessa dagana?

Ég væri á svipuðu róli, læra smíði og fara síðan að læra eitthvað sniðugt í háskólanum, en sem betur fer eru hestarnir til staðar að trufla þessar hugsanir.

Hver er helsti keppinauturinn?

Ég myndi segja að það væri ég sjálfur, ótrúlegt hvað hausinn getur þvælst fyrir manni.

Áttu einhverjar truntur?

Það eru engar truntur ræktaðar frá Ólafshaga og því er svarið nei.

Er Mosfellsdalurinn málið?

Mosfellsdalurinn er og verður alltaf málið.

Minnisstætt atvik frá árinu?

Það sem stendur mest upp úr er Landsmótið. Það er eitthvað við það að ríða úrslit í slagviðri á Landsmóti og standa svo uppi sem sigurvegari.

Dalbúar óska Bensa og fjölskyldu hans til hamingju með glæsilegan árangur. Það verður spennandi að fylgjast með þessum metnaðarfulla og áhugasama unga manni um ókomna tíð.

WWW.MOSFELSDALUR.IS

FLAMBERUÐU KLEINURNAR

- Hestakvennafélag Mosfellsdals



Signý á Furuvöllum straujaði gamla kvennareidarfánann

Flamberuðu kleinurnar fóru í kvennareid á árinu. Hnarreistar lögðu þær af stað frá Ástu Dóru í Reykjahlíð á svoleiðis gæðingum að annað eins hafði ekki sést í háa herrans tíð.



Freyðandi og Flamberað

Íturvaxnar kveiktu þær í náföllum andlitum bæjarbúa þegar þær riðu þar í gegn á blússandi tölti. Allt fór þetta ljómandi vel fram og komust þær heilu og höldnu aftur í Dalinn flamberaðar og freyðandi.



HÁGÆÐA SMUREFNI



Jóhannes:
896 1858
Roðamói 3



www.facebook.com/Fluid-Film-á-Íslandi

Forlata minkapels til sölu á Laugabóli

Áhugasamir hafi samband við Ómar Runólfsson

VEIÐIHORN GUÐNA

Guðni Bjarnason á Hraðastöðum



Árið í ár var að mestu hefðbundið segir Guðni Bjarnason á Hraðastöðum. Fjögur tófugreni voru unnin, í þeim voru 23 yrðlingar og fjöldi veiddra dýra var 35 í heildina. Grenin voru í Borgarhólum, Lyklafelli og Reykjafelli en ein fjölskyldan færði sig úr greni sínu í Mosfelli, líklega vegna ágangs. Guðni vill benda fólki á að koma ekki nálægt tófugrenum þar sem tófan er stýgg og líkleg til að færa sig um set. Best er að láta þau eiga sig og tilkynna þau. Skv. lögum má t.d. ekki hreyfa við grenum frá 1. maí til 1. ágúst.

2022 var metár í minkaveiðum en 105 minkar lágu í valnum. Voru þetta bæði villtir minkar og eldisdýr. Minkurinn er skæður fuglum í ám og vötnum en ef hann kemst í alifugla í aðhaldi þá rennur

á hann hálfgerð æði þar sem hann drepur allt kvíkt. Því miður þá gerist það af og til.

Rjúpnastofninn er aðeins sterkari en hefur verið og er hrafnastofninn góður. Vitað er um hrafnalaupa í Grímansfelli, Æsustaðafjalli og Mosfelli. Sílamávurinn er algerlega hættur að verpa í Mosfellsbæ og eru fuglarnir sem sækja hér inn í Dalinn fuglar úr eyjunum við Reykjavík. Reykvíkingar hafa ekki gert neitt í því að minnka varp þeirra þar. Það eru því reykvískir mávar sem sóða út og stela af grillum íbúa hér í Dalnum. En ekki hvað?



Ljós. Svala Valborg Fannarsdóttir

HEYST HEFUR...

- ✓ að Dalbúum gangi töluvert betur að afla vinsælda á Spotify heldur en í framboði fyrir sveitastjórnakosningar
- ✓ að íbúar á Tjaldanesi séu að reyna að fá Þingvallaveginnum undir bílastæði, eða allavega á veturna.
- ✓ að Kjartan og Guðrún séu flutt aftur í Mosfellsdalinn.



FASTEIGNASALAN BÆR
www.fasteignasalan.is

GUÐBERGUR GUÐBERGSSON
Löggiltur fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali
Löggiltur leigumiðlari

Gsm • 893 6001
Sími • 512 3456
Netfang • beggi@fasteignasalan.is

Fasteignasalan Bær • Ögurharvi 6 • 203 Kópavogi
Sími 512 3400 • www.fasteignasalan.is

MINNING

GUÐRÚN TÓMASDÓTTIR, BRENNHOLTI

f. 13.05. 1925 - d. 09.07. 2022

Guðrún Tómasdóttir fæddist að Hólum í Hjaltadal 13. apríl 1925 og lést á Hrafnistu laugardaginn 9. júlí 2022. Foreldrar hennar voru Tómas Jóhannsson og Ástríður Guðmunda Magnúsdóttir. Guðrún var bæði ein ástsælasta söngkona landsins og húsmóðir á Brennholti með eiginmanni sínum, Frank Ponzi f. 1929, d. 2008 og börnum þeirra tveim: Tómasi Atla Ponzi f. 1959 og Margréti Jósefinu Ponzi f. 1961, d. 2010.

Á meðan þú flaugst í burtu, þá fóðraði maríuerlan í Brennholti börnin sín smá, köngulóin við eldhúsgluggann spannsinn vef, hænurnar vöppuðu um móann, spóinn söng sinn söng og engjamunablómið í bæjarlæknum blómstraði. Blómabrekkan þín í Brennholti skartar nú burnirót, gulmöðru, ljónslappa og birki, berjalyngið er krökkt af krækiberjum og bláberin eru að byrja að þroskast. Fuglarnir voru þínir vinir, þú þekktir þá alla með nafni og alltaf gafstu þeim að borða vetur sem sumar.

Góð og falleg. Þannig hugsa ég ávallt um þig. Þú elskaðir að lifa. Í þér bjó ólýsanleg fegurð og það lýsti af þér hvar sem þú varst. Fegurðin í að elska og fylgjast með okkur öllum í fjölskyldunni, þú hafðir ómældan áhuga á öllum okkar verkum. Að mæta í öll afmæli, veislur og á sem flesta tónleika, fannst þér með því skemmtilegra. Aldrei gleymdir þú neinum. Gjafir fengu allir. Á sumrin naust þú þess að tína blóm í vasa, alltaf skyldu vera blóm. Skrautblágresið við heita gróðurhúsið blómstar nú og eyrarrósín blómstrar



einnig á eyrinni okkar, eitt af þínum uppáhalds blómum. Beitilyngið tíndir þú ævinlega úr brekkunni í Brennholti í ágúst og settir í fallegar skálar inni í stofu. Allt húsið ilmaði dásamlega. Þegar mætt var í boð voru ævinlega með í för rósir frá Dalsgarði. Þú vildir alltaf vera með í öllu matarstússi. Mest gaman fannst þér að búa til pizzur með okkur og alltaf hrósaðir þú öllum mínum bakstri og eldamennsku, þótt stundum mætti bæta ýmislegt.

Matur, minningar og samvera, svo mikilvægt. Nú kennum við börnunum okkar að njóta hinna ýmsu rétta sem þú útbjóst ævinlega. Það er lýsandi fyrir persónu þína sagan af því þegar við fengum okkur kött sem neitaði að koma til okkar í margar vikur. Hann hafði átt erfiða ævi og vildi engum treysta. Faldi sig í kjallaranum daga og nætur sem olli okkur miklum áhyggjum, en einn morguninn þegar við

frh. á bls. 22

MINNING

ÓLAFUR INGIMUNDARSON, HRÍSBRÚ

f. 22.11. 1933 - d. 17.07. 2022

Ólafur Andrés Ingimundarson fæddist á Hrísrú í Mosfellsdal 22. nóvember 1933. Hann var sonur hjónanna Ingimundar Ámundasonar og Elínborgu Andrésardóttur. Systur hans voru Svava Steinunn f. 1932, d. 2020, Eygerður f. 1938, d. 2005 og Ólöf Jóna f. 1941. Ólafur ólst upp á Hrísrú og bjó þar alla tíð. Hann kvæntist Ásgerði Gísladóttur árið 1967. Börn þeirra eru: Andrés, f. 1968, Gísli Þór, f. 1969, Elínborg Jóna, f. 1973, Ingibjörg, f. 1979 og Ingimundur, f. 1980.

„Á að sofa í allan dag?“ sagði hann hátt og hveltt þegar hann mætti í tjaldbúðir Harðarmanna snemma morguns árið 1965. Hafði þá verið í heyskap langt fram eftir nóttu og síðan riðið á Skógarhóla. Hestamannafélagið Hörður hafði skipulagt sinn fyrsta tveggja daga félagstúr þetta ár. Daginn áður, þegar riðið var hjá Hrísrú, var Ólafur í heyskap og hafði mikið undir. Glampanði sól og mikill þurrkur og mikilvægt að nýta þann tíma. Ólafur sagði við féлага sína að hann myndi koma þegar hann væri búinn með heyskapinn, hvað hann og gerði. Það var til þess tekið að Ólafur á Hrísrú var mikill heyskaparmaður, eljan ótrúleg. Þar var ekkert gefið eftir og klukkustundirnar í sólarhringnum of fáar.

Ólafur var einn stofnenda Harðar, þá aðeins sextán ára, sem sýnir mikinn hestaáhuga. Hann og faðir hans, Ingimundur, voru miklir áhugamenn um hestamennsku. Man ég eftir þeim sem krakki á útreiðum; Ingimundur fyrstur, gjarnan með sigarettu í öðru munnvikinu, og Ólafur á eftir. Að sjá Óla á hestbaki var sérstök sjón. Það var eins



og hann kæmi ekki við hnakkinn. Hann var svo laus í hnakknum og reiðmennskan frjáls. Þótt hann væri svona léttriðandi held ég að hann hafi sjaldan dottið af baki. Hann sat flesta hrekkjahunda eins og honum væri það edlislægt, enda tamdi hann margan hrekkjahundinn á sinni ævi. Þá voru þeir margir erfiðu hestarnir sem hann fékk í hestkaupum um ævina.

Þegar Ólafur var 26 ára eða árið 1960 stofnaði hann ásamt föður sínum fyrstu hestaleiguna hér á höfuðborgarsvæðinu. Boðið var upp á hestaferðir á Tröllafoss og voru ferðirnar um helgar og á miðvikudögum en þá voru áætlanarferðir í Mosfellsdalinn. Seinna urðu ferðirnar fleiri þegar boðið var upp á að sækja ferðalangana. Eitt sinn um páska fóru þeir feðgar með

frh. á bls. 22

frh. Guðrún Tómasardóttir

vorum farin að halda að við myndum aldrei vinna traust kattarins, hringdir þú í mig í vinnuna og sagðir mér að kötturinn sem heitir Moli hefði komið til þín. Ég hoppaði hæð mína af gleði. Traust dýrsins vannst þú með allri þinni góðmennsku og þolinmæði. Moli kom síðan til okkar allra og er enn hjá okkur í dag.

Þú áttir gæfuríka, merkilega og langa ævi sem innihélt einnig ýmsa erfiðleika en alltaf hélst þú áfram með sönginn, bjartsýnina og gleðina að vopni. Þegar Egill Mikael, sonur okkar Tómasar fæddist fyrir þremur árum sagðir þú að við hefðum yngt þig um mörg ár „Það eru ekki ekki margar konur sem verða aftur ömmur 94 ára“ sagðir þú oft og brostir þínu fallega brosi. Þið Egill áttuð einstakt og fagurt samband. Hann fór í dásamlega stemningu að vera með þér og alltaf áttir þú nóg af ást og tíma fyrir „litla herra-manninn“, eins og þú kallaðir hann alltaf.

Þú kenndir mér svo margt um lífið með þínu heilbrigða lífsviðhorfi og fallegri framkomu við alla sem þú hittir.

Þú flaugst í burtu með alla þína birtu og ást. Nú er það okkar að kenna litla herra-manninum.

Takk fyrir alla þína yndislegu hlýju, elsku tengdó mín.

Þín Björk.

frh. Ólafur Ingimundason

marga hesta til Reykjavíkur og buðu upp á ferðir á Geitháls. Ólafur var í samstarfi við ferðaskrifstofurnar á þessum árum. Það sýnir framsýni Óla að hann reisti móttöku-skála fyrir ferðamennina á hlaðinu á Hrísrú. Ólafur var með þessa starfsemi í tæpan áratug þegar hann sneri sér alfarið að búskapnum. Undirritaður kom oft til Óla á þessum búskaparárum sem dýralæknir. Á tímabili kom upp bráðadauði í kúnum að sumarlagi. Duttu þær niður dauðar hvar sem þær voru og var orsökinn engan veginn þekkt. Mér er sérstaklega í minni það æðrulleysi sem einkenndi Ólaf á þessum tíma. Hann sýndi mikla stillingu, sem ég dáðist að.

Ólafur átti alla tíð góða hesta og tók á tímabili þátt í hestamótum hjá Herði. Þar fóru fremstir í flokki þeir Smári og Neisti sem unnu til verðlauna. En besta hest sinn fór Ólafur aldrei með á keppnisbrautina en sá hestur var stólpagæðingur. Það sást langar leiðir og hefði sá hestur staðið efstur á keppnisbrautinni ef Ólafur hefði viljað það. Hesturinn Blakkur, eða Brúnn eins og hann var kallaður, kom sem leynifarþegi í hryssu að Hrísrú og eftir nokkrar vendingar eignaðist Ólafur hestinn sem varð hans augasteinn og hann mat mikils. Nú er ég viss um að þeir félagar hafa sameinast á ný og hægt að ímynda sér þá á góðgangi þar efra.

Helgi Sigurðsson.

FRJÁLS FRAMLÖG

Peir sem vilja styrkja útgáfu Dalalæðunnar geta greitt inn á reikning félagsins
315-26-6411 Kennitala: 641198-2779

Víghóll, samtök íbúa í Mosfellsdal

RÉTTAÐ Í DALNUM

Ljós. Sesselja Mjöll Kristinsdóttir



Féið rekið af fjalli og inn í rétt



Breytt mægðin



Hrisbrúarkyn



Er betra að vera hávaxinn?



Umferðin stoppuð

VÖLVA DALALÆÐUNNAR 2023

Fulltrúi Víghóls heimsótti völvuna á dögnum til að forvitnast um hvað árið 2023 muni bera í skauti sér. Sem fyrr bauð völvun upp á nýlagað kaffi, herbergið var fyllt af ilmi sem Víghóll gat ekki borið kennsl á en var mjög slakandi. Hlýtt og notalegt var í kofanum.

Völvun fussaði þónokkuð áður en hún hóf upp raust sína og spáði strax að nýtt ár myndi verða talsvert ólíkt árinu sem leið.

„Faraldurinn er nú í lægð en mun aftur rísa þegar haustar. Nánar tiltekið í nóvember.“ Fulltrúi Víghóls horfir á völvuna með skelfingu, best að kaupa jólagjafirnar snemma í ár. Völvun rýndi í spilin og handlék beinin af krafti. „Faraldurinn mun þó ekki verða eins aflmikill og síðasta ár en varnir munu halda.“ Nú er fulltrúi Víghóls orðinn hálfhvumsa enda var Covid í rénun á síðasta ári, eða það héldum við. Völvun var farin að rymja og ókyrrast. „Fleiri munu falla í baráttunni við ófėtið og fleiri munu þjást.“ Fulltrúi Víghóls er kominn með tárin í augun. „Yfirvöld munu lítið aðhafast, Dalbúar munu koma verst út úr faraldrinum eins og oft áður.“ Hún ranghvolfði augunum, fulltrúi Víghóls er á barmi taugaáfalls. „En á endanum mun faraldurinn minnka og minna ... þar til enginn minkur er eftir til að agnúast út í en það er þó seinni tíma spádómur.“

Fulltrúi Víghóls tekur andköf og gerir sér nú grein fyrir að hann misskildi völvuna aðeins en hún mögulega gerði þetta viljandi.

Völvun heldur þó áfram spá sinni. „Ég sé að unga fólkið er að fullorðnast, það munu fæðast fleiri börn og gamla fólkið mun annaðhvort leggjast til hinstu hvílu eða halda áfram sínu striki. Margir munu

eiga afmæli á nýju ári og sumir munu halda upp á það með pompi og prakt. Ekki verður þó öllum boðið. Forsvarsmenn golfvallarins munu ræða að fá svín í vinnu við að finna golfbolta og einhver hér í dalnum mun skipta um stjórn mála flokk. Fasteignir munu seljast og nýjir Dalbúar munu bætast í hópinn.“

Völvun sat hljóð dágóða stund eftir síðustu spá. Þögnin í kofanum er einungis rofin öðru hverju af vindinum úti, sem er talsverður eins og alltaf. Fulltrúi Víghóls gerir sér grein fyrir því að hann fái ekki meira út úr völvunni í ár, þakkar fyrir sig og fikrar sig að bílnum. Á leiðinni í gegnum skaflana er einungis eitt sem kemst að í huga hans „vonandi er billinn ekki fastur!“

- Aðsent efni.

**VERKFÆRA
SALAN**

WWW.VFS.IS



VINNUSTOFA ÞÓRU
&
BÓKAÚTGÁFAN
FRÁ HVIRFLI TIL ILJA

Bjarki Bjarnason
Þóra Sigurþórsdóttir

GRÆNMETISMARKAÐUR
TJALDSTÆÐI



MOSSKÓGAR
S. 663 6173



FASTMOS.IS
586-8080

Minna-Mosfell
Guesthouse

Recommended on



Minna-Mosfell Guesthouse | 271 Mosfellsbær | Iceland
Phone: (+354) 669 03 66 | www.minnamosfell.is



 *Gislason*

VIÐGERÐIR EHF.

Völuteigi 25

587 2060


DÝRALÆKNIRINN
Mosfellsbæ

Urðarholti 2
270 Mosfellsbæ

Sími 566 5066 | 660 0633

Opð: 9 -18 alla virka daga

Neyðarvakt dýraspítala höfuðborgarsvæðisins opin allan sólarhringinn
530 4888



GK
VIÐGERÐIR

566 6257
Flugumýri 16c, Mosfellsbæ

SVIPMYNDIR FRÁ MOSSKÓGUM



Gómsætt



Bára og Svava



Mosskóga-Nonni



Dalsgarðsafleggjarar



Dagarnir nýttir til útivistar



Ragnheiður og Sigurgeir

Vatnsborun Árna Kóps

Árni Kópsson
893-5699

Ásta Sif
663-1033



www.vatnsborun.is

PRENTUN FYRIR ÞIG



ARTPRO
PRENTÞJÓNUSTA

- ✓ www.artpro.is
- ✓ artpro@artpro.is
- ✓ Sími: 547 4444
- ✓ Bíldshöfða 14, Reykjavík

Íslenskur kalkúnn gæði í yfir 60 ár



Hollur hátíðarmatur

Fylltur kalkúnn
fullkomnar veisluna

Uppskriftir og
eldunarleiðbeiningar á
kalkunn.is

